Kaffiboð hjá frambjóðendum

- ókeypis og opin öllum

Núna eru að koma mánaðamót og margir orðnir verulega blankir eftir mánuðinn. Sumir sjá fram á að þurfa að sitja heima um helgina, japla á gömlu snakki og horfa á sjónvarpsdagskrána frá upphafi til enda. En ekki aldeilis, nóg er um að vera sem þarf ekki að kosta krónu. Prófkjör sjálfstæðismanna nálgast nú óðfluga og hafa nú flestir frambjóðendur opnað kosningaskrifstofu. Kosningaskrifstofurnar eru öllum opnar og nú er um að gera að nýta helgina og þræða þær og spjalla við frambjóðendurna. Ekki sakar að yfirleitt er kaffi í boði og aldrei að vita nema einhvers staðar verði eitthvað gott með því. Um að gera að kíkja út og eiga fjörlegar rökræður í ágætis félagsskap – án þess að því fylgi nokkrar kvaðir eða kosti krónu. Kosningaskrifstofur nokkurra frambjóðenda eru sem hér segir:

-Kosningaskrifstofa Gísla Marteins, sem býður sig fram í fyrsta sæti, er að Austurstræti 6 og er opin um helgar frá 12-17. Einnig er kosningaskrifstofa í Hólagarði í Breiðholti þannig að Breiðhyltingar geta kíkt í kaffi til Gísla.

-Ef kíkt er á Gísla er eiginlega ekki hægt annað en að kíkja líka á Vilhjálm. Þeir sem eru skráðir í flokkinn en geta hins vegar með engu móti gert upp hug sinn hvorn þeir ætla að kjósa geta hugsanlega látið móttökur á kosningaskrifstofum ráða úrslitum! Vilhjálmur er með skrifstofu að Suðurlandsbraut 15.


-Bolli Thoroddsen er ungur og ferskur og býður sig fram í 5. sætið. Kosningaskrifstofan hans er að Borgartúni 6. Áreiðanlega létt stemmning hjá Bolla.

-Ekki er hægt að láta konurnar sitja á hakanum. Hanna Birna er öflug og myndarleg kona sem gaman væri að hitta og rökræða við um ýmis málefni. Kosningaskrifstofan hennar er í Landsímahúsinu við Austurvöll. Hanna Birna býður alveg örugglega upp á gott kaffi.

-Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir er ráðgjafi Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra og býður sig fram í 2. sætið. Þorgerður kann að koma vel fyrir og það er spurning hvort að Þorbjörg sé ekki bara enn betri fyrst það er hún sem ráðleggur Þorgerði hvað virkar svona fantavel. Kosningaskrifstofa hennar er að Suðurlandsbraut 24.

-Júlíus Vífill Ingvarsson er landsþekktur og hann er með kosningaskrifstofu að Vegmúla 2. Júlíus stefnir á 2. sætið á lista Sjálfstæðisflokksins. Hann hefur verið áberandi í kosningabaráttunni, enda fyrrverandi borgarfulltrúi og kann því þær aðferðir sem duga. Örugglega glatt á hjalla og rjúkandi heitt kaffi á könnunni. ■





Íslendingar hafa aðgang að ótakmörkuðu magni vatns en þannig er það alls ekki alls staðar.

Vatn fyrir alla?

Ráðstefna verður haldin um helgina þar sem nokkur samtök hér á landi vilja vekja athygli stjórnvalda og almennings á mikilvægi vatns fyrir land, þjóð og lífríki. Meðal þess sem verður farið yfir á ráðstefnunni er að þrátt fyrir að við höfum nægilegt vatn fyrir alla hér á Íslandi þá er staðan ekki þannig alls staðar í kringum okkur – vatn er takmörkuð auðlind. Líta ber á vatn sem félagsleg, menningarleg og vistfræðileg gæði sem ekki má fara með eins og hverja aðra verslunarvöru. Samtökin sem standa að ráðstefnunni vilja koma því á framfæri að það er stjórnvalda að tryggja almenningi aðgengi að öllum upplýsingum er varða verndun og nýtingu vatns og stuðla að aukinni virkni almennings og meðvitund um mikilvægi vatns, náttúru og réttrar umgengni við landið. Ráðstefnan verður á Grand hótel Reykjavík á morgun frá klukkan 13-17. Allir eru velkomnir á meðan húsrúm leyfir. ■

Kynning á borgaralegri fermingu

Færst hefur í aukana að unglingar kjósi að fermast borgaralega í stað þess að fermast í kirkju. Á morgun verður kynningarfundur fyrir unglinga og aðstandendur sem vilja kynna sér þennan sið og læra um hvað hann snýst. Fundurinn verður haldinn á milli klukkan 11 og 12 í Kvennaskólanum að Fríkirkjuvegi 9 á morgun. ■

Grikkur eða gott?

Hrekkjavakan er um helgina

Hrekkjavaka er okkur Íslendingum ekki sérstaklega kunn þó að áhrifin af henni séu alltaf að magnast hér á landi. Um helgina mun allt verða tryllt vestanhafs þegar börn og fullorðnir klæða sig í allra kvikinda líki til þess að fagna þessari hátíð. En hverju er verið að fagna?

Fyrir meira en 2.000 árum bjuggu keltar á því svæði sem nú er Írland, England og Norður-Frakkland. Þeir fögnuðu nýju ári þann 1. nóvember. Sá dagur markaði enda sumars og upphaf veturs með því myrkri og þeim kulda sem honum fylgir. Keltar trúðu því að daginn fyrir nýárið myndu mörkin milli lífs og dauða verða óljós og að kvöldi 31. október héldu þeir upp á Samhain, kvöldið sem þeir látnu gengu aftur. Keltar trúðu því að þessi andar yllu miklum skaða og skemmdum. Einnig trúðu þeir að þessar heimsóknir gerðu það auðveldara fyrir presta og drúdía að spá í framtíðina. Fyrir fólk sem þurfti algerlega að treysta á hviklyndi náttúrunnar voru þessir spádómar nauðsynlegir til þess að lifa af kaldan, harðan vetur.

Að kvöldi þessa dags söfnuðust keltarnir saman við stórt bál og fórnuðu hlutum og dýrum fyrir keltnesku goðin. Við þessa athöfn klæddust þeir búningum sem vanalega samanstóðu af dýrahausum og húðum.

Árið 43 e. kr. höfðu tvær rómverskar hátíðir blandast við Samhain hátíðina. Önnur þeirra var Feralia, hátíð sem haldin var í lok október þar sem Rómverjarnir minntust látinna manna. Hin hét Pomona, hátíð þar sem hin rómverska gyðja ávaxta og trjáa var tilbeðin. Tákn Pomona var eplið og samruni þessara hátíða skýrir líklega hvers vegna hefðin að „ná eplum með munninum“ hefur þróast á okkar tímum.



Á 9. öld hafði stór hluti keltneskra landa tekið kristni. Páfinn hafði þá útnefnt 1. nóvember sem dýrlingadaginn, dag dýrlinga og píslarvotta. Almennt er álitið í dag að páfinn hafi verið að reyna að láta dýrlingadaginn koma í stað keltnesku hátíðarinnar en á kristilegum forsendum. Fögnuðurinn 1. nóvember var kallaður All-hallowmas sem þýðir í raun dýrlingadagurinn. Þaðan er orðið Halloween komið – hrekkjavaka.

Hrekkjavakan, eins og hún þekkist í dag, er arfleifð af þessum trúarlegu siðum. Fátækt fólk betlaði af því ríka á meðan á hátíðunum stóð og sá var síðurinn að gefa þeim í gogginn þetta kvöld. Þannig er komin sú hefð að hlaupa á milli húsa á hrekkjavökunni og heimta gott ellegar gera íbúum ljótan grikk – rétt eins og uppvakningarnir sem gerðu keltunum lífið leitt. ■


Haraldur opnar sýningu

Klukkan 17 í dag opnar myndlistasýning í 101 Gallery þar sem sýnd verða verk Haraldar Jónssonar. Jón Proppé segir um verk Haraldar: „Hið innra líf okkar er eitt meginþemað í mörgum verkum Haraldar og sýningin í 101 Gallery snýst um það: Tilfinningar, kenndir og geðshræringar.“

Sýningin hans Haraldar stendur til 26. nóvember. 101 Gallery er opið frá klukkan 14-17 fimmtudaga til laugardaga. ■

Koberling sýnir vatnslitaverk

Í dag verður opnuð myndlistasýning í Ásmundarsafni með verkum eftir þýska listamanninn Bernd Koberling. Sýningin ber nafnið Grýttur vegur. Verkin á sýningunni voru öll unnin hér á landi árið 2004. Síðustu áratugi hefur Koberling dvalið í Loðmundarfirði, eyðifirði á austurströnd landsins. Á sunnudaginn klukkan 15:00 mun Koberling sjálfur taka þátt í leiðsögn um sýninguna. ■



Eitt af verkum Koberling

VIÐ ERUM AÐ FLYTJA!
OPNUM NÝJA OG GLÆSILEGA VERSLUN
AÐ ASKALIND 2A - NÚNA Í OKTÓBER
SETT
HÚSGAGNAVERSLUN